

# Fundargerð 398. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, miðvikudaginn 25. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi voru Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 397. fundar frá 20. september sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Hafnríkiseftirlit - 1710002HA

Lagt fram minnisblað Fiskistofu, mótt. 16. október 2017, um íslenskt hafnríkiseftirlit.

*Ákveðið að senda bréfið á viðeigandi hafnir.*

### 3. Lög um mönnun hafsögu- og dráttarbáta - endurskoðun - 1612001HA

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 16. febrúar 2017, sem Hafnasamband Íslands sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vegna ákvæða í lögum nr. 30 frá 2007.

*Samþykkt að taka málið upp aftur þegar búið verður að mynda ríkisstjórn.*

### 4. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Rætt um fyrirkomulag hafnasambandsþing sem haldið verður 25.-26. október 2018.

*Fræðslunefnd er falið að byrja að huga að dagskrá hafnasambandsþingsins. Búið er að taka frá sal á Grand hótél Reykjavík en einnig er búið að taka frá herbergi í nafni hafnasambandsins og er aðildarhöfnum bent á að vera tímalega í því að panta herbergi.*

### 5. 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 2018 - 1708001HA

Formaður gerir grein fyrir hugmynd að aðkomu hafnasambandsins að 100 ára afmælis fullveldis Íslands á næsta ári.

*Samþykkt að stefna að því að halda málþing miðvikudaginn 24. október 2018, daginn fyrir hafnasambandsþingið.*

## 6. Innviðir á Íslandi - skýrsla - 1710001HA

Lögð fram skýrslan Innviðir á Íslandi: ástand og framtíðarhorfur sem Samtök iðnaðarins gáfu út í október.

Ákveðið að senda skýrsluna á aðildarhafnir.

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Gísli Gíslason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Sigrún Árnadóttir

---

Steinþór Pétursson

---

Björn Arnaldsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Valur Rafn Halldórsson